

8. stjórnarfundur Hvanneyrarbúsins ehf. 2018-2019

Haldinn á Hvanneyri, 19. janúar 2019, kl. 12.30

Dagskrá:

1. Bráðabirgðayfirlit yfir rekstur félagsins á árinu 2018 (EG)
2. Rekstraráætlun 2019 (EG)
3. Fyrirhugaðar fjárfestingar félagsins (EG)
4. Staða samninga félagsins við skólann (BHB)
5. Endurskoðun á samningum við starfsmenn félagsins (BHB)
6. Önnur mál.

Mætt voru Baldur Helgi Benjamínsson (BHB) formaður, Pétur Diðriksson (PD) meðstjórnandi, Egill Gunnarsson (EG) bústjóri og Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG) ritari.

1. Bráðabirgðayfirlit yfir rekstur félagsins á árinu 2018 (EG)

Egill bústjóri fór yfir fyrstu drög að rekstrarreikningi fyrir árið 2018. Ennþá vantar þar inn einhverjar tekjur vegna mjólkur og eins nokkra gjaldaliði. Útlit er fyrir hagnað upp á ca. 4 milljónir kr. enda hafa tekjur vegna mjólkurframleiðslu hækkað frá árinu áður. Einhver gjöld hafa þó hækkað líka, t.d. kjarnfóður.

2. Rekstraráætlun 2019 (EG)

Egill fór yfir helstu atriði í rekstraráætlun fyrir árið 2019. Reiknað er með svipaðri mjólkurframleiðslu og árið 2018 og því sambærilegum tekjum af henni. Gert er ráð fyrir að gjöld haldist svipuð og síðustu ár. Reiknað með framlegð upp á rúmar 50 milljónir kr. og rekstrarafgangi fyrir fjármagnsliði upp á 15 milljónir. Eftir fjárfestingar skv. fjárfestingaráætlun og aðra fjármagnsliði er reiknað með afgangi upp á ca. 4,3 milljónir fyrir árið. Stjórn samþykkir rekstraráætlun ársins.

3. Fyrirhugaðar fjárfestingar félagsins (EG)

Egill bústjóri kynnti fyrirhugaðar fjárfestingar félagsins á næstu misserum. Ákveðið hefur verið að endurnýja tvær sláttuvélar búsins, bæði aftur- og framvél. Gert er ráð fyrir að endurnýja sköfukerfi fjóssins sem nú er bilanagarnt, endurnýja þarf beiðslisgreina fyrir kúr og kvígur og kaupa afrúllara framan á fjósvél ásamt rúllugreip á dráttarvél. Eldri sláttuvélar verða teknar upp í þær nýju, afgangur kaupverðsins verður fjármagnaður með lánsfé og rekstrarfé.

Á næstu árum þarf að huga að kaupum á stærri mjólkurtank en núverandi mjólkurtankur er of lítill og nota þarf aukatank fyrir þriggja daga mjólk, einnig þarf að endurnýja ýmis jarðvinnslutæki búsins. Til að bæta loftræstingu í fjósinu og minnka smitálag er talið mikilvægt að lengja þakglugga fjóssins frá því sem nú er. Verið er að skoða kostnað við lengingu á þakglugganum, mögulega verður ráðist í þá fjárfestingu á þessu ári. Stjórn styður þessar fyrirhuguðu fjárfestingar og það að ráðist verði í lengingu á þakglugga ef starfsmenn meta sem svo að svigrúm sé til þess á árinu.

4. Staða samninga félagsins við skólann (BHB)

Baldur Helgi fór yfir samning milli Lbhí og Hvanneyrabús vegna aukins framlags til þróunar á kennslu og rannsóknaraðstöðu árið 2019.

Í þessum samningi kemur fram að endurskoða þurfi samninga við fastráðna starfsmenn búsins og verður það gert á árinu 2019.

5. Endurskoðun á samningum við starfsmenn félagsins (BHB)

Baldur Helgi og Pétur taka það að sér að skoða samninga við fastráðna starfsmann og taka tillit til þeirra athugasemda sem skólinn og starfsmenn gera við þá.

6. Önnur mál

Rætt var um skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði, unna af sérfræðingi RML, sem Hvanneyrabúið tók þátt í. Í skýrslunni er borin saman losun nokkurra búa og skv. henni losar Hvanneyrabúið mest af samanburðarbúunum, lang stærstur hluti losunar er vegna landnýtingar. Á búinu er stór hluti ræktarlands framræst mýri sem losar tiltölulega mikið. Einnig var tekið fram í skýrslunni að plastnotkun á búinu er töluverð, þar eru möguleg sóknartækifæri. Verðmæti áburðarefna frá búfjáraþurði er ekki mjög hátt en það stendur að sjálfsögðu til bóta þar sem nú er nýr haugtankur kominn í notkun og því ætti nýting búfjáraþurðar að aukast töluvert.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 14.25